

Alþingi nefndasvið  
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.04.2004

Tilv. 40.13

JP/gg

## Umsögn um frumvarp til breytinga á sóttvarnalögum, 790. mál

Landspítali - háskólasjúkrahús hefur fengið ofangreint mál til umsagnar sbr. bréf frá 19. f.m. Meginmarkmið þessarar breytingar á l. 19/1997 er að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum. Ástæður eru raktar í athugasemdum og eru þar nefndar vaxandi áhyggjur af sýklalyfjanotkun og tilmæli ESB og EES að hafin verði vöktun á notkun sýklalyfja.

Frumvarp þetta hefur verið skoðað af hálfu LSH og eru ekki gerðar athugasemdir við framgang þess og þeim tilgangi sem er að baki fyrirhugaðrar breytinga á sóttvarnalögum.


Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að benda á nokkur atriði:

- Allir lyfseðlar útgefnir í landinu fara til Tryggingastofnunar ríkisins þar sem fyrir liggja upplýsingar um ávísanir á sýklalyf. Upplýsingar um sýklalyfjanotkun (ávísanir) utan sjúkrahúsa eiga því að vera til.
- Engin samræmd skráning er á LSH um notkun einstaklinga umfram skráningu í sjúkraskrá viðkomandi sjúklings. Kostnaður vegna sýklalyfja var u.þ.b. 10% af heildarlyfjanotkun LSH eða u.þ.b. 100 m.kr. á s.l. ári.
- Það hefur í för með sér verulegan kostnað að halda utan um notkun sýklalyfja per sjúkling. Búa þarf til sérstakt kerfi á LSH með ópersónugreinanlegum upplýsingum um sjúklinga. Slikt kerfi kostar tugi milljóna króna auk rekstrarkostnaðar. Því er ekki allskostar rétt að þetta leiði ekki til umtalsverðra útgjalda fyrir ríkissjóð eins og segir í umsögn fjárlagaskrifstofu. Þennan kostnað þarf LSH að fá greiddan.

Niðurstaða:

Af hálfu LSH eru engar athugasemdir gerðar við framgang máls 790. Ítrekuð eru þau atriði sem að framan greinir. Eigi LSH að taka upp skráningarkerfi um sýklalyfjanotkun einstakra sjúklinga á LSH verður að koma til slíks verkefnis sérstök fjárveiting.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2183  
komudagur 27.4.2004



Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 27. apríl 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp sóttvarnalaga, 790. mál, skrá um sýklalyfjanotkun**


Læknafélag Íslands (LÍ) þakkar erindi yðar.

LÍ er kunnur sá vandi, sem höfundar frumvarpsins reyna að taka á með því. Mikilvægt er að sporna gegn notkun sýklalyfja, sem leiðir til minnkandi gagns, sem má af þeim hafa, og að lokum gagnsleysis.

Lagaheimildir eru þegar til staðar fyrir söfnun hluta þeirra upplýsinga, sem sóttvarnalækni er ætlað að vinna með, það er í lyfjagagnagrunni Landlæknis. Til þessarar vinnu þarf hann einnig að hafa aðgang að sýklalyfjanotkun á sjúkrahúsum.

LÍ leggur áherslu á, að vinna sóttvarnalæknis sé með ópersónugreinanlegar upplýsingar og að sóttvarnalög í hinum nýja búningi taki af öll tvímæli um það. Það virðist ekki afdráttarlaust í þeirri útgáfu frumvarpsins, sem LÍ hefur til umsagnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

f.h. Sigurbjörns Sveinsson  


Sigurbjörn Sveinsson  
formaður



*Alþingi*

*Erindi nr. P/130/2172*

*komudagur 27.4.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. apríl 2004

*IJA/KG/SS//KSG041/04*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997,  
með síðari breytingum, 790. mál**

Tryggingastofnun ríkisins vill þakka Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis fyrir að fá að koma að umsögn um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt sé við ákvæðum í sóttvarnalögum um að haldin skuli skrá um sýklalyfjanotkun hjá mönnum. Upplýsingar um sýklalyfjanotkun skulu vera ópersónugreinanlegar. Tryggingastofnun styður að sett sé í lög að sóttvarnalæknir beri ábyrgð á að halda skrá um sýklalyfjanotkun og þannig sé komið upp vöktunarkerfi sem tæki í baráttu við sýklalyfjaónæmi.

Tryggingastofnun bendir á að skv. breytingum á lyfjalögum frá mars 2003, á stofnunin að vera búin að koma upp tölfræðigagnagrunni 1. janúar 2005 þar sem upplýsingar um alla lyfjanotkun utan sjúkrahúsa og stofnana verður að finna. Upplýsingarnar verða ópersónugreinanlegar og mun landlæknisembættið hafa beinan aðgang að þeim upplýsingum.

Virðingarfyllst,  
Tryggingastofnun ríkisins

Karl Steinar Guðnason  
forstjóri